

Sumar á Kjarvalsstöðum I

Septem-
hópurinn

Það var ágæt hugmynd að lifga upp á Kjarvalsstaði með fjölbættri kynningarstarfsemi á íslenskri myndlist yfir hásumartímann og mætti ætla, að það geri staðinn forvitnilegri fyrir útlenda sem innlenda. En slík starfsemi þarf lengri undirbúning og öflugari auglýsingastarfsemi en tók voru á að þessu sinni, en hér fæst dýrmæt reynsla fyrir framtíðina og hana ber að hagnýta til fulls.

Þrjár sýningar eru nú í gangi auk hefðbundinnar Kjarvalssýningar í eystri sal. Í vestri sal eru Septem-menn með stóra sýningu, Myndhöggvarafélagið sýnir í vestra gangi og úti á stétt, en Gallerí Langbrók í mið- og eystri gangi. — Þar sem þetta eru allt sýningar, sem vert er að gefa gaum, vel ég þann kostinn að skipta listdómi mínum um sýningarnar og fjalla því hér einungis um þá stærstu þ.e. Septem-sýninguna.

— Það eru þrjú ár síðan ég sá Septem-sýningu síðast, svo að tvær síðustu sýningarnar fóru fram hjá mér, en í báðum tilvikum var ég erlendis.

Á þessum þremur árum hefur ekki orðið ýkja mikil breyting á stíllbrögðum listamanna, enda eru þeir komnir á þann aldur, að ekki er hægt að ætlast til stökkbreytinga og því síður kúvendinga skoðana. En þó er áberandi, að hin lifrænni form hafa sótt á á kostnað þaulhugs- aðra flatarmálsforma, listamennirnir byggja sem sagt meira á áhrifum frá náttúrunni og lífinu allt um kring en t.d. litum og flötum eingöngu þ.e. „peintura pura“. — Þannig má hiklaust álíta, að geim- og þotuöld hafi haft áhrif á stíllbrögð Þorvaldar Skúlasonar — þessi fljúgandi form eiga sér vissulega bakgrunn í veruleik samtíðarinnar. Verk hans hafa ekki tekið stórum breytingum hin síðari ár, en staðfesta þó, að Þorvaldur er í fullu fjöri sem listamaður, lætur ekki deigan síga. Hann á mjög jafngóð verk á þessari sýningu, en uppsetning þeirra er harla einhæf og flatneskjuleg að mínum dómi, því að ég tel, að sumar myndanna hefðu notið sín betur sér á skilrúmunum. Fyrir mitt leyti finnst mér meiri einhæfni og þreytumerki á upphengingunni í heild en á myndunum á sýningunni, jafnvel þótt sjá megi allmikil af endurtekingum fyrri formaheilda sýnenda, sem þarf þó ekki að vera gagnrýnisvert. Það er afar erfitt að gera upp á milli mynda Þorvaldar Skúlasonar, en ég vil þó nefna tvær sérstaklega höfðuðu til mín eftir nokkrar heimsóknir, nr. 54 „Blár dagur“ og 57 „Bláar línur“. Kristján Davíðsson og Valtýr Pétursson eiga flestar myndir á sýningunni en sýna fáar nýjar hliðar á list sinni. Mynd Kristjáns, „Nú er ’ann enn á norðan“, er kröftuglega máluð, en aðrar myndir á endavegg áréttu styrk stíllbragða undangenginna ára. Svart-hvítu



SEPTEMBER

doppumyndirnar eru hressilega gerðar, einkum sú er hefur svip af stjórnunótt og ber nafnið „Skriðjökull“ (70). Það er erfitt að reikna Valtý Pétursson út og hvað frá honum kemur. Myndir hans á þessari sýningu eru æði misjafnar að gerð og gæðum, sumar hlutlægar, en aðrar óhlutlægar. Hinar óhlutlægu minna á fyrri stíllbrögð, og þótti mér þar nr. 45 „Mallorca“, sýnu heillegust. Af hlutlægu myndunum þótti mér nr. 39

Myndlist

eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON

„Skammdegi“ þróttmest í útfærslu, bæði hvað lit og byggingu snerti. Myndin „Blóm“ (36) er afar falleg í lit og leiðir hugann ósjálfrátt að Henri Matisse.

Létt og leikandi vinnubrögð einkenna myndir Steinþórs Sigurðssonar, auk þess sem þær eru æði snotrar fyrir augað og þá einkum við fyrstu sýn. En einhvern veginn er ég ekki sáttur við þessar myndir frá hendi Steinþórs, vildi gjarnan sjá hér meiri átök við efniviðinn. Máski er hér um breytinga- og gerjunarskeið að ræða og verður þá fróðlegt að sjá áframhaldið. Málverkið „Í garðinum“ (83) þótti mér halda sér best, vera jarðneskast og upprunalegast.

Jóhannes Jóhannesson er algjör andstæða Steinþórs í vinnubrögðum, hann þaulvinnur myndir sínar, en gerir það á þann hátt, að þær tapa sjaldnast ferskleika sínum. Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með myndir hans við fyrstu heimsókn, en nú finnst mér hann standa einna traustast á sýning-

unni, myndir hans, „Landnám“ (30) og „Hrynjandi“ (32), eru afar sterkar og áleitnar.

Guðmunda Andrésdóttir sýnir nýja hlið á sér í nokkrum myndum, og þar þykir mér málverkið „Vorblót“ hrifmest. Annars eru vinnubrögð hennar sóm við sig og mikið um endurtekingar fyrri formaheilda.

Framlag Sigurjóns Ólafssonar er með sterkasta móti, hann „brillera“ í nær hverri einustu mynd og er makalaust, hve hann er frjór í myndhugsun. Mætur maður sagði við mig á dögnum, að það hlyti að vera vegna þess, að maðurinn hefur „húmor“, og ég held, að þar hafi hann hitt naglann á höfuðið. Engin þurrpumpa myndi geta gert slíkar myndir, sem geisla af ástríðumögnuðu lífi og fjöri og stundum er líkast því, sem maður sjái hinn síkvika listamann glotta með glampa á brá að baki myndanna.

Sagt er að Aristide Malliol hafi dreymt að verða mikill málari í æsku og í því skyni gekk hann í listaskóla, en þá vildi svo til að honum tók að daprast sjón. Í órvæntingu sinni hóf hann að móta í leir og hætti því ekki, þótt sjónin batnaði aftur. Það var til þess, að í stað miðlungsmálara eignaðist heimurinn einn mesta myndhöggvara síðari tíma. Þessi saga rifjást fyrir mér, er ég las þau ummæli Sigurjóns í viðtali, að vegna veikinda ynni hann eingöngu í tré um þessar mundir. Eg sé ekki betur, en að bæði hann og við megum vel við una, ef við tökum mið af vinnubrögðunum. Veikindin eru slæm, en tréskúlpúrnir frábærir! Ég vil óska honum batnandi heilsu og okkur fleiri tréskúlpúra...

Erfitt er að gera upp á milli tréskúlpúrnanna, því að allir eru þeir góðir, en ég bendi hér á nokkra kostulega góða, „Atómbomban“ (5), „Samstæður“ (6), „Sólstafir“ (10) og „Níðstöng“ (II). Merkilegt hve tilfinning Sigurjóns er rik fyrir efniviðinum hverju sinni. Gifsmynd hans er einföld og skemmtileg og andlit Björns Ólafssonar konsertmeistara er lifandi komið í brönsi.

Dregið saman í hnotskurn er Septem-sýningin listviðburður, sem hafa efni á að líta fram hjá sér fara.



Atómbomba Sigurjóns

SUMAR
á Kjarvalsstöðum
júli og ágúst 1979

